

Nr. 002 / 14 Sóley SH 124**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1674
Smíðaður: Seyðisfirði 1985, stál
Stærð: 144,2 brl. 201 bt.
Mesta lengd: 25,99 m Skráð lengd: 23,33 m
Breidd: 7 m Dýpt: 5,7 m
Vél: Caterpillar 416 kW 1984
Fjöldi skipverja: 8



Sóley ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. janúar 2014 var Sóley SH 124 að togveiðum um 15 sml. SV af Bjargtöngum. Veður: NA 8 m/sek. (Bjargtangar á miðnætti)

Verið var að toga þegar vélin stöðvaðist með nokkrum hávaða og skoðun leiddi í ljós að meiriháttar niðurbrot í efri hluta vélarinnar hafði átt sér stað.

Skipstjóri hafði samband við Helga SH 135 sem kom og dró Sóleyju til Grundarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipta þurfti um kambása, ventla, stimpil og slíf á strokk nr. sjö ásamt því að skipt var um þá vélarhluti sem ekki stóðust kröfur;
- að það var álit vélstjóra og vélvirkja að rúlla (hjól) á undirlyftuarmi hafi skemmst eða festst og við það étið sig niður í kamb á kambásnum. Þegar slitið á kambinum fór að verða verulegt fór hann að berja á undirlyftunni sem endaði með því að brot fóru að skemma út frá sér og inn á sprengihólf;
- að álit vélvirkjans var það bolti, sem festi (splittar) rúlluna á undirlyftuarminn, sem gaf sig svo rúllan festist og olli þessum skemmdum;
- að sögn vélstjóra stóð til upptekt þessara hluta í jólastoppinu en því var frestað fram á sumar. Þá var ætlað að keyrslutími, sem vélaframleiðandi

ráðlagði, yrði kominn en vélstjórinn tók fram að olúeyðsla hefði einnig áhrif á uppteiktartímann;

- að samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni vélarinnar var lesið úr honum við síðustu uppteikt hennar 11. ágúst 2011. Frá þeim tíma var búið að keyra vélina 11.900 klst. og hafði hún brennt 1.150.000 ltr. af brennsluolíu;
- að vélaframleiðandi ráðleggur að keyrslutími fyrir efri hluta vélarinnar sé ekki yfir 15.000 klukkustundir eða 1.500.000 lítrar af brennsluolíu hafa verið notaðir og 30.000 stundir fyrir neðri hluta vélarinnar (sveifarhús og strokka). Fulltrúi vélaframleiðanda benti á að í togskipum yrði brennsluolíunotkun oftast uppurin á undan keyrslutímum en í línuveiðiskipum væri þessu öfugt farið.

Nefndarálit:

Orsök vélarbilunar má rekja til þess að rúlla á undirlyftuarmi festist.